

Trefjar ehf
Óseyrarbraut 29
220 Hafnarfjörður

Kópavogur, 30. maí 2024
Tilvísun: E48047
E48047

Skýrsla send á eftirfarandi netfang: ulfar@trefjar.is

Eftirlitsskýrsla

Tilfni: Reglubundið eftirlit	Eftirlit framkvæmt: 15.3.2024
Starfsleyfi: Gildir til 28.11.2033	Starfsemi: Vinnsla með trefjaplast
Aðsetur: Óseyrarbraut 29	Kennitala: 4201780269
Fulltrúar fyrirtækis: Úlfar	Fulltrúi Heilbrigðiseftirlits Anna Kristín Einarsdóttir, eftirlitsaðili og Ríkharður F. Friðriksson deildarstjóri umhverfis- og mengunareftirlits

Umfang eftirlits

Eftirlit fór fram skv. reglugerð um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirliti [nr. 550/2018](#), reglugerð um meðhöndlun úrgangs [nr. 803/2023](#), reglugerð um mengaðan jarðveg [nr. 1400/2020](#), reglugerð um varnir gegn olíumengun frá starfsemi á landi [nr. 884/2017](#) og reglugerð um spilliefni [nr. 806/1999](#).

Stuðst var við [samræmd starfsleyfisráðgjafi fyrir mengandi starfsemi](#) sem eiga sér stoð í fyrrgreindum reglugerðum og lögum um hollustuhætti og mengunarvarnir [nr. 7/1998](#).

Tekinn var skoðunarhringur um verkstæðið. Rætt var um mengunarvarnir og meðhöndlun úragangs. Starfsemin skiptist gróflega í potta og bátasmíði.

Niðurstöður eftirlits

Fyrirtækið sérhæfir sig í báta- og pottasmíði úr trefjaplasti. Stökum sinnum fara fram viðgerðir og breytingar á eldri bátum á verkstæðinu. Þegar það er gert eru eldsneytistankar bátanna tæmdir í bamba og yfirleitt dælt aftur á þá þegar viðgerð er lokið. Öflugt loftræstikerfi er á verkstæðinu sem leiðir út í fjölnota síu og færanleg afsog eru þar sem unnið er að bátasmíði til að tryggja fullnægjandi loftræstingu.

Efnavara

Styrenefni er notuð við framleiðsluna og eru þau geymd inni. Mikilvægt er að tryggja fullnægjandi loftræstingu og viðeigandi öryggisbúnað starfsmanna vegna notkunar styrenefna sem eru á lista yfir mögulega krabbameinsvalda. Heilbrigðiseftirlit vill minn á að styrene efni er spilliefni og þar af leiðandi skal einnig farga umbúðum af þeim eignum með spilliefnum.

Heilbrigðiseftirlitið mælist til þess að öryggisblöð fyrir styrenefni séu aðgengileg starfsfólki verkstæðisins þar sem þau innihalda mikilvægar upplýsingar varðandi þau viðbrögð sem skal viðhafa ef slys verður.

Bambi fullur af blýi er staðsettur inni á verkstæðinu en það er notað til þyngingar við bátasmíði. Gæta skal að meðhöndlun blýs og tryggja að þegar því er fargað að það sé gert á viðeigandi máta.

Undir olúefni sem geymd eru inni er slefbakki.

Úrgangur og lóð

Umgengni á lóð að aftanverðu er ábótavant og telst það til frávíks í þessari skýrslu. Lóðinni er deilt með öðru fyrirtæki og er hún samnýtt þegar kemur að úrgangsmálum skv. forsvarsaðila fyrirtækis í eftirliti.

Forsvarsmenn fyrirtækjanna beggja þurfa því í sameiningu að finna leið til að bæta umgengni og úrgangssöfnun. Athugasemdir við úrgangsmál fyrirtækisins voru einnig gerðar í úttekt heilbrigðiseftirlits árið 2021 og vegna þess voru ýmis sérákvæði sett varðandi úrgangsmál í útgefið starfsleyfi fyrirtækisins.

Lítill hluti af lóð að aftanverðu er með steypu undirlagi sem ætlaður er til geymslu á spilliefnum.

Úrgangsolía: Úrgangsolía er geymd í bamba á lóð að aftanverðu og er olúsmit á yfirborði kringum bambann sem þarf að hreinsa upp hið fyrsta. Steyptur reitur sem bambi stendur á er lítill og þegar rignir á olía greiða leið að malarplani fyrirtækis í jarðveg. Heilbrigðiseftirlitið mælist til þess að bamba sé skipt út fyrir úrgangsolúgeymi. Bambar eru almennt ætlaðir til geymslu og flutnings á þartilgerðum efnavörum. Einnig er hætta á að sólarljós veiki plastið í bambanum sem getur leitt til þess að gat komi á hann eða að undantöppunar ventill gefi sig.

Spilliefni: Tómar tunnur af efnavöru eru geymdar á víð og dreif fyrir utan þar sem rignir ofan í þær, það veldur hættu á því að efnavara berist úr tunnum í jarðveg. Sá reitur sem hefur verið steyptur nægir ekki til geymslu þeirra spilliefna sem safnast hafa upp á lóðinni. Ryk frá afsogi loftræstikerfis berst í fjölnota loftræstisíu. Þegar sían er mett er loft notað til að þrýsta plastyki úr síunni í kar sem staðsett er úti. Karið er opið og er því hætta á því að plastykið fjúki, finna þarf lausn á því og fyrirbyggja fok úr karinu.

Annar úrgangur: Úrgangur er flokkaður og settur í opinn sorpílát á aftanverðri lóð. Sorpílát eru sum yfirfull sem veldur mengunar-fok og/eða slysa-hættu. Einnig eru mikið um lausamuni og rusl á lóðinni sem þarf að hreinsa.

Frávik í tengslum við úrgang og lóðarmál eru því eftirfarandi:

Frávik frá 5. grein reglugerðar nr. 1400/2020 um mengaðan jarðveg þar segir:
Rekstraraðila er skylt að ganga vel um og sýna ýrtruðu varúð þannig að jarðvegi verði ekki spillt með mengun.

Frávik frá 16. grein reglugerðar nr. 803/2023 um meðhöndlun úrgangs, þar segir:
Rekstrarúrgangi sem fellur til við atvinnurekstur skal safna saman og flytja brott þegar í stað eða geyma með þeim hætti að óhollusta eða óþrífnaður stafi ekki af. Rekstrarúrgang skal geyma í hentugum og heilum ílátum þannig gerðum að auðvelt sé að tæma þau. Rekstraraðili ber einnig ábyrgð á nauðsynlegri hreinsun nálægs umhverfis.

Frávik frá ákvæðum 1, 2 og 3 sem sett voru í starfsleyfi sem var gefið út 29. nóvember 2021 og byggja á fyrrgreindum reglugerðum. Ákvæði eru eftirfarandi:

1. Fyrirtækið skal halda athafnasvæði sínu snyrtilegu
2. Fyrirtækinu ber að skipuleggja nýtingu geymslusvæðis. Hluti lóðar skal skilgreindur sem sérstakt svæði til geymslu á úrgangsefnum og eftir atvikum hráefnum. Svæðið skal aðgreint frá annarri notkun. Um það gildir að:
 - a. afmarka sérstakan reit með steypu undirlagi til geymslu á spilliefnum. Gefinn var frestur til 1. september 2022.
 - b. afmarka sérstakan reit fyrir úrgangsgáma og til geymslu á öðrum úrgangi
 - c. ef efnavara er geymd utandyra skal afmarka sérstakan reit með bundnu slitlagi. Gefinn var frestur til 1. september 2022.
3. Um úrgang og úrgangslát skal þannig gengið að ekki sé til lýta eða af stafi fok- eða slyshætt

Heilbrigðiseftirlit óskar eftir að fá eftirfarandi gögn send á netfangið annakristin@heilbrigdiseftirlit.is:

- Öryggisblöð þeirra efnavara sem notuð eru hjá fyrirtækinu
- Kvittanir fyrir förgun spilliefna
- **Úrbóta- og framkvæmdaáætlun vegna þeirra frávíka sem nefnd eru í skýrslu þessari. Gefinn er frestur til 20. júní 2024.** Eftir að heilbrigðiseftirliti hefur borist úrbótaáætlun verður ákveðin tímasetning fyrir eftirfylgni þar sem eftirlitsaðilar koma aftur til að taka út aðstöðuna.

Athugið að skýrsla þessi tekur aðeins til þeirra atriða sem skoðuð voru þann dag sem eftirlitið fór fram. Í samræmi við 13. gr. stjórnsýslulaga nr. 37/1993 er þér veittur 14 daga frestur frá dagsetningu þessarar skýrslu til að koma á framfæri andmælum við innihald hennar. Ef athugasemdir eru við ofangreind atriði óskast þær sendar á tölvupóstfangið hef@heilbrigdiseftirlit.is. Heilbrigðiseftirlitið bendir á að loknum andmælafresti verður eftirlitsskýrslan birt á heimasíðu heilbrigðiseftirlitsins; www.heilbrigdiseftirlit.is.

Virðingarfyllst,
Anna Kristín Einarsdóttir,
eftirlitsaðili.

